

Sp.

45. Tillaga til þingsályktunar

[45. mál]

um bættu merkingu akvega.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir átaki til að bæta merkingar akvega á landinu, setja upp aðvaranir við hættulegar ökuleiðir þar sem þær vantar eða þær eru ófullnægjandi og samræma allar merkingar vega alþjóðlegum reglum.

Greinargerð.

Mikið vantar á að leiðbeiningar- og aðvörunarmerkingar á íslenskum akvegum séu eins og best verður á kosið. Einkum og sér í lagi á þetta við um fjallvegi og ýmsar fáfarnari leiðir. Vaxandi umferð á þjóðvegakerfinu í heild gerir umbætur í merkingum nauðsynlegar og aukin umferð útlendinga með tilkomu bílferja og vaxandi umsvifum bílaleiga gera þörfina á alþjóðlegum merkingum og aðvörunum aðkallandi.

Tíðum óhöppum og slysum, sem í mörgum tilfellum má rekja til þekkingarleysis á viðkomandi akstursleiðum, mætti að líkindum fækka verulega með bættum merkingum sem skiljanlegar væru jafnt íslenskum sem erlendum ferðamönnum.

Þær merkingar, sem þóttu fullnægjandi á dögum brautryðjenda fjallaferða á landinu, eru það engan veginn í dag þegar segja má að landið liggir opið fyrir alþjóðlegri umferð. T. d. segir orðið „jeppavegur“, þannig skrifað á krossviðarspjald, erlendum ferðamanni harla lítið um eðli og ástand viðkomandi vegar enda ekki óalgengt að hitta fyrir á vegum, þannig merktum, erlenda ferðamenn í vandræðum á vanbúnum bílum.

Sérstökum viðvörunum um hættuleg jökulvötn, sandbleytu, sandstorma, snögg veðrabrigði á hálendinu og fleira því um líkt þyrfti að koma eftir því sem fært er á vegspjöld og á vegkort og gefa ítarlegri upplýsingar í handbókum.

Nauðsynlegt er að vinna að þessu í nánú samstarfi við ferðamálayfirvöld, ferðafélög, náttúruverndarráð, landeigendur og aðra sem málið varðar.